

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2023/1437****2023/EES/83/35****frá 4. maí 2023**

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennismæla við tiltekin skilyrði, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um tilteknu undanþegnu notkunina sem um getur í IV. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Kvikasilfur er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 4) Hinn 26. apríl 2021 barst framkvæmdastjórninni umsókn í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB um undanþágu, sem skal skrá í IV. viðauka við þá tilskipun, vegna notkunar kvikasilfurs í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennismæla við hitastig yfir 300 °C og þrýsting yfir 1000 börum (hér á eftir nefnd undanþágan sem óskað er eftir).
- 5) Þrýstiskynjarinn sem er notaður og er í hárpípuvökvarennismælum samanstendur af rafmagnsíhlutum og er raftæki til mælinga innan gildissviðs tilskipunar 2011/65/ESB. Hárpípuvökvarennismælar sem lýst er í undanþágunni sem óskað er eftir falla undir 9. flokk, „vöktunar- og eftirlitstæki“, í I. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 6) Við mat á umsókninni um undanþágu, sem fól í sér tæknilega og vísindalega matsrannsókn ⁽²⁾, var komist að þeirri niðurstöðu að sem stendur er vísindalega og tæknilega ekki mögulegt að skipta út kvikasilfri í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennismæla við hitastig yfir 300 °C og þrýsting yfir 1000 börum. Matið fól í sér samráð við hagsmunaaðila eins og krafist er í 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 7) Eitt af viðkomandi skilyrðum sem tilgreind eru í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB er uppfyllt, þ.e. það er ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að taka kvikasilfur út eða skipta því út.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 265/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

(2) „Study to assess requests for two (-2-) exemptions, for mercury in pressure transducer and DEHP in a PVC base material“, í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB (pakki 25).

- 8) Því er viðeigandi að veita undanþáguna sem óskað er eftir með því að færa notkunina sem fellur undir hana á skrá í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB að því er varðar raf- og rafeindabúnað í 9. flokki.
- 9) Til að uppfylla tilkomandi takmarkanir á vörum með viðbættu kvikasilfri samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 ⁽³⁾ er nauðsynlegt að gildistími undanþágunnar takmarkist við 31. desember 2025. Tímabilið er fastsett í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 5 gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 10) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2024. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. febrúar 2024.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 (Stjtið. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1).

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslu 49 er bætt við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„49	Kvikasilfur í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpúvökvarennslismæla við hitastig yfir 300 °C og þrýsting yfir 1000 börum	Gildir um 9. flokk og fellur úr gildi 31. desember 2025.“
-----	---	---